






Þekkingarnet
Þingeyinga

MANNFJÖLDAÞRÓUN Í ÞINGEYJARSÝSLUM 2011-2020



Nóvember 2020

Nóvember 2020

Þekkingarnet Þingeyinga

Forsíðumyndir (frá vinstri):

Íbúafjöldi á starfssvæði Þekkingarnetsins: Þekkingarnet Þingeyinga
Kynja og aldursdreifing íbúa á starfssvæði Þekkingarnetsins: Þekkingarnet Þingeyinga
Skipting íbúa í þéttbýli og dreifbýli á starfssvæði Þekkingarnetsins: Þekkingarnet Þingeyinga
Kynjaskipting íbúa á starfssvæði Þekkingarnetsins: Þekkingarnet Þingeyinga

Ábyrgð/ritstjórn:
Óli Halldórsson

Framkvæmd:
Helena Eydís Ingólfsdóttir

ISBN 978-9935-405-50-0

EFNISYFIRLIT

<i>Inngangur</i> -----	1
<i>Sveitarfélög</i> -----	2
Langanesbyggð -----	2
Svalbarðshreppur -----	5
Norðurþing -----	8
Tjörneshreppur -----	11
Þingeyjarsveit -----	14
Skútustaðahreppur -----	17
<i>Starfssvæði Þekkingarnets Þingeyinga í heild</i> -----	20
Byggðakjarnar -----	23
Bakkafjörður-----	23
Þórshöfn-----	23
Raufarhöfn-----	24
Kópasker-----	24
Húsavík-----	25
Laugar-----	25
Reykjahlíð-----	26
Þéttbýliskjarnar og dreifbýli -----	27
685 og 686 Bakkafjörður-----	27
680 og 681 Þórshöfn-----	27
675 og 676 Raufarhöfn-----	28
670 og 671 Kópasker-----	28
640 og 641 Húsavík-----	29
650 Laugar og 645 Fosshóll-----	29
660 Mývatnssveit-----	30
Svæðið allt eftir póstnúmerum-----	30
Íbúar á aldrinum 18-69 ára -----	31
<i>Helstu niðurstöður</i> -----	33
<i>Heimildir</i> -----	36

INNGANGUR

Starfsfólk Þekkingarnets Þingeyinga tekur árlega saman tölur um mannfjöldaþróun í Þingeyjarsýslum. Þetta er gert til að fylgjast með byggðaðróun og hvernig sá mannfjöldi sem þar býr skiptist niður á svæði, aldur og kyn. Tölur og útreikningar byggja á talnaefni frá Hagstofu Íslands og er miðað við þann mannfjölda sem mældur er 1. janúar ár hvert. Svæðið sem Þekkingarnetið sinnir er víðfeðmt, nær frá austanverðri Vaðlaheiði til Bakkafjarðar og er alls um 18 þúsund ferkílómetrar. Húsavík er stærsti þéttbýliskjarninn en annars skiptist svæðið í dreifbýli og nokkra minni byggðakjarna. Tölur um byggðakjarna eru byggðar á efni sem nær aftur til ársins 2011 en þá breytti Hagstofan lítillega mörkum fyrir þá.


Samantektin í ár er eins og á síðasta ári samantekt á þróun síðustu 10 ára. Hér er einnig skoðaður sérstaklega hópurinn sem er á vinnumarkaði og er á aldrinum 18-69 ára, þ.e. bæði fjöldi og hlutfall af íbúafjölda fyrir hvert sveitarfélag og svæðið í heild.

Niðurstöðurnar eru settar fram myndrænt og leitast er við að hafa framsetningu skýra og einfalda.


Eldri tölur um íbúaðróun á svæðinu má nálgast í skýrslum Þekkingarnetsins á www.hac.is undir útgefið efni eða á vefsíðu Hagstofunnar www.hagstofa.is.

SVEITARFÉLÖG


LANGANESBYGGÐ




Mynd 1. Íbúafjöldi í Langanesbyggð árin 2011–2020.



Mynd 2. Kynjaskipting í Langanesbyggð árin 2011–2020.




Mynd 3. Aldursdreifing í Langanesbyggð árin 2016 og 2020.




Mynd 4. Meðalaldur íbúa í Langesbyggð í samanburði við landsmeðaltal.

Á tímabilinu 2014 til 2018 fækkaði íbúum í Langesbyggð jafnt og þétt. Þróunin varð önnur árið 2019, þá fjölgaði íbúum í sveitarfélaginu, en fækkaði svo aftur árið 2020 um um 22 eða 4,6% frá árinu áður. Hlutfallsleg fækkun kvenna var meiri en karla en konum fækkaði um 6,1% á milli ára og eru nú 44,4% íbúa í Langesbyggð. Körlum fækkaði um 3,4% og eru 55,4% íbúa á svæðinu. Meðalaldur íbúa var 38,3 ár eða því sem næst sá sami og árið áður og 0,2 árum yfir landsmeðaltali. Þetta er annað árið í röð sem íbúar Langesbyggðar eru með meðalaldur yfir landsmeðaltali. Þegar aldursdreifing var borin saman árin 2016 og 2020 kom í ljós að línuleg leitni karla er lítið breytt á meðan ungum konum fækkar töluvert á milli ára. Stúlkum á aldrinum 0-4 ára fækkaði mest eða um 50%. Þá var einnig töluverð fækkun meðal íbúa á aldrinum 10-19 ára og konum í aldurshópnum 35-39 ára.


SVALBARÐSHREPPUR




Mynd 5. Íbúafjöldi í Svalbarðshreppi árin 2011–2020.



Mynd 6. Kynjaskipting íbúa í Svalbarðshreppi árin 2011–2020.




Mynd 7. Aldursdreifing í Svalbarðshreppi árin 2016 og 2020.




Mynd 8. Meðalaldur íbúa í Svalbarðshreppi í samanburði við landsmeðaltal.

Íbúum í Svalbarðshreppi fjölgaði um tvo á milli árána 2019 og 2020 og eru nú 93 talsins. Þar af eru 45 karlar og 48 konur, en konum fjölgaði um fimm á milli ára á meðan körlum fækkaði um þrjá. Meðalaldur íbúa hefur haldist því sem næst óbreyttur frá árinu 2017 þegar hann var 40 ár til ársins 2020 þar sem hann var 40,1 ár. Aldursdreifing er nokkuð ójöfn og erfitt er að draga ályktanir um hana með svo fáa íbúa.


NORÐURÞING




Mynd 9. Íbúafjöldi í Norðurþingi árin 2011–2020.



Mynd 10. Kynjaskipting í Norðurþingi árin 2011–2020.




Mynd 11. Aldursdreifing í Norðurþingi árin 2016 og 2020.




Mynd 12. Meðalaldur í Norðurþingi í samanburði við landsmeðaltal.

Íbúum í Norðurþingi fjölgaði um 73 á milli árunna 2019 og 2020 eftir að hafa fækkað árið áður. Fjölgunin nemur 2,3%. Hlutfall kvenna og karla var sambærilegt frá árinu 2011 til ársins 2016 en eftir það fjölgaði karlmönnum töluvert til ársins 2018 á meðan konum fór frekar fækkandi. Á síðustu þremur árum hefur konum fjölgað og eru nú álíka margar og þær voru árið 2012. Meðalaldur íbúa í Norðurþingi var sá sami árin 2017 og 2018 en hefur farið lækkandi eftir það og er núna 40,3 ár eða tvö ár yfir landsmeðaltali. Línuleg leitin bendir til að körlum fjölgi helst í yngri aldurshópum en konum í þeim eldri. Þegar litið var á aldursdreifingu kom í ljós að aldursdreifing kvenna var sambærileg árið 2016 og 2020 en töluverðar breytingar urðu á aldursdreifingu karla. Íbúum á aldrinum 25-29 ára fjölgaði mest bæði hjá körlum og konum. Einnig var töluverð fjölgun hjá karlmönnum á aldrinum 30-39 ára. Þá sést líka fjölgun í allra yngsta aldurshópnum, 0-4 ára þó ekki sé hún jafn mikil og í eldri hópnum.


TJÖRNESHREPPUR




Mynd 13. Íbúafjöldi í Tjörneshreppi árin 2011–2020.



Mynd 14. Kynjaskipting íbúa í Tjörneshreppi árin 2011–2020.




Mynd 15. Aldursdreifing í Tjörneshreppi árin 2016 og 2020.




Mynd 16. Meðalaldur í Tjörneshreppi í samanburði við landsmeðaltal.

Íbúum í Tjörneshreppi hefur fækkað um sex frá árinu 2016 og eru nú 54 talsins. Tjörneshreppur er eina sveitarfélagið á starfssvæði Þekkingarnets Þingeyinga þar sem konur eru í meirihluta íbúa. Meðalaldur er um það bil tveimur áratugum yfir landsmeðaltali og hefur hækkað um rúmlega tvö ár frá 2018. Meðalaldur er hvergi hærri á svæðinu en í Tjörneshreppi. Aldursdreifing var mjög ójöfn og erfitt er að draga ályktanir út frá henni vegna fámennis í sveitarfélaginu.


ÞINGEYJARSVEIT




Mynd 17. Íbúaföldi í Þingeyjarsveit árin 2011–2020.



Mynd 18. Kynjaskipting í Þingeyjarsveit árin 2011–2020.




Mynd 19. Aldursdreifing í Þingeyjarsveit árin 2016 og 2020.



Mynd 20. Meðalaldur íbúa í Þingeyjarsveit í samanburði við landsmeðaltal.

Íbúum í Þingeyjarsveit fækkaði um 19 milli ára eða 4,2% og hafa ekki verið færri síðastliðin tíu ár. Hvort tveggja körlum og konum fækkaði á milli áráanna 2019 og 2020, körlum fækkaði þó ívið meira en konum eða um 4,2% á meðan konum fækkaði um 3,2%. Kynjahlutfallið er því að verða jafnara en á tímabilinu 2016-2019. Árin 2018 og 2019 fjölgaði konum í sveitarfélaginu og gaf það vísbendingar um að íbúum gæti verið að byrja að fjölga á ný eftir framkvæmdir á Þeistareykjum. Eftir að framkvæmdatímanum lauk er þróunin er svo aftur á sömu leið og fyrir uppbygginguna á Þeistareykjum og konum fækkar á ný á milli áráanna 2019 og 2020. Áfram verður áhugavert að fylgjast með þróun mannfjölda í sveitarfélaginu á næstu árum. Meðalaldur heldur áfram að hækka og er nú 43,6 ár. Ef litið er á aldursdreifingu virðist fækkar í aldurshópnum 0-4 ára, meðal karla á fækkar í næstum öllum aldurshópum. Hjá báðum kynjum fjölgar í aldurshópnum 60-64 ára.


SKÚTUSTAÐAHREPPUR




Mynd 21. Íbúafjöldi íbúa í Skútustaðahreppi árin 2011–2020.



Mynd 22. Kynjaskipting í Skútustaðahreppi árin 2011–2020.







Mynd 23. Meðalaldur íbúa í Skútustaðahreppi í samanburði við landsmeðaltal.

Íbúum í Skútustaðahreppi fjölgaði um fimm á árinu en þeim hefur fjölgað jafnt og þétt frá árinu 2014. Kynjaskipting var nokkuð jöfn en karlmenn voru 256 talsins og konur 251. Karlmenn eru því aftur í meirihluta í hreppnum eftir að konur voru þar fleiri á árinu 2019. Sveitarfélagið er jafnframt það sveitarfélag á starfssvæði Þekkingarnetsins þar sem meðalaldur er lægstur (37,4 ár) en hann hefur verið um einu ári undir landsmeðaltali síðustu þrjú ár og lækkað jafnt og þétt á tímabilinu 2014 til 2019 en hækkaði aðeins á milli 2019 og 2020. Þegar þessar niðurstöður eru skoðaðar í samanburði við aldersdreifingu í sveitarfélaginu kemur í ljós að fjölgun íbúa á milli árána 2016 og 2020 mest meðal þeirra sem eru 20-39 ára. Því fylgir aðeins fjölgun í tveimur yngstu aldurshópunum. Auk þess sem þónokkur fjölgun er í aldurshópnum 60-64 ára á meðan fækkar í aldurshópnum þar á undan, 50-59 ára.


STARFSSVÆÐI ÞEKKINGARNETS ÞINGEYINGA Í HEILD




Mynd 24. Heildarmannfjöldi á svæði Þekkingarnets Þingeyinga árin 2011-2020.



Mynd 25. Kynjaskipting íbúa á starfssvæði Þekkingarnetsins á árunum 2011-2020.



Mynd 26. Samantekt á aldursdreifingu á öllu svæðinu árin 2016 og 2020.




Mynd 27. Meðalaldur íbúa í Þingeyjarsýslu í samanburði við landsmeðaltal.

Þegar svæðið var skoðað í heild sinni kom í ljós að íbúum fjölgaði um 25 eða 0,5% á milli ára. Að undanskyldu framkvæmdarárinu 2018 hafa íbúar ekki verið fleiri á svæðinu á því tímabili sem hér er til skoðunar. Hvort tveggja körlum og konum fjölgaði. Körlum fjölgaði þó meira en konum. Hlutfall kvenna var 46,6% á móti 53,4% hjá körlum. Meðalaldur er því sem næst óbreyttur á milli ára en hefur farið aðeins lækkandi frá árinu 2017. Þegar aldursdreifingin var skoðuð kom í ljós að karlmenn á aldrinum 20-39 ára voru töluvert fleiri árið 2020 en 2016. Þá eru konur á aldrinum 25-34 ára fleiri nú en árið 2016. Ungmönnum á aldrinum 15-19 ára fer fækkandi ásamt því að konur á aldrinum 45-49 ára eru færri árið 2020 en árið 2016.


BYGGÐAKJARNAR

Bakkafjörður




Mynd 28. Íbúafjöldi í Bakkafirði árin 2011–2020.

Þórshöfn




Mynd 29. Mannfjöldi á Þórshöfn árin 2011–2020.

Raufarhöfn




Mynd 30. Mannfjöldi á Raufarhöfn árin 2011–2020.

Kópasker




Mynd 31. Mannfjöldi á Kópaskeri árin 2011–2020.

Húsavík




Mynd 32. Mannfjöldi á Húsavík árin 2011–2020.

Laugar




Mynd 33. Mannfjöldi á Laugum árin 2011–2020.

Reykjahlíð




Mynd 34. Mannföldi í Reykjavík árin 2011–2020.

ÞÉTTBÝLISKJARNAR OG DREIFBÝLI 685 og 686 Bakkafjörður




Mynd 35. Mannfjöldi í póstnúmerunum 685 og 686 Bakkafjörður.

680 og 681 Þórshöfn




Mynd 36. Mannfjöldi í póstnúmerunum 680 og 681 Þórshöfn.

675 og 676 Raufarhöfn




Mynd 37. Mannfjöldi í póstnúmerunum 675 og 676 Raufarhöfn.

670 og 671 Kópasker




Mynd 38. Mannfjöldi í póstnúmerunum 670 og 671 Kópasker.

640 og 641 Húsavík




Mynd 39. Mannfjöldi í póstnúmerunum 640 og 641 Húsavík.

650 Laugar og 645 Fosshóll




Mynd 40. Mannfjöldi í póstnúmerunum 645 Fosshóll og 650 Laugar.

660 Mývatnssveit




Mynd 41. Mannfjöldi í pósthúmerinu 660 Mývatnssveit (Reykjahlíð og nærsveitir).

Svæðið allt eftir pósthúmerum




Mynd 42. Mannfjöldi á svæðinu öllu eftir pósthúmerum.


ÍBÚAR Á ALDRINUM 18-69 ÁRA




Mynd 43. Hlutfall íbúa á aldrinum 18-69 ára starfssvæði Þekkingarnets Þingeyinga frá 2011–2020.



Mynd 44. Fjöldi íbúa á aldrinum 18-69 ára í hverju sveitarfélagi á starfssvæði Þekkingarnets Þingeyinga frá 2011–2020.



Mynd 45. Fjöldi íbúa á vinnumarkaði eftir aldri á starfssvæði Þekkingarnets Þingeyinga frá 2011-2020.



Mynd 46. Fjöldi karla og kvenna á aldrinum 18-69 ára.

HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Í **Langanesbyggð** fækkaði íbúum um 22 eða 4,4% á milli áráanna 2019 og 2020. Hlutfallsleg fækkun kvenna var meiri en karla en konum fækkaði um 5,7% á milli ára og eru nú 44,4% íbúa í Langanesbyggð. Körlum fækkaði um 3,2% og eru 55,6% íbúa á svæðinu. Meðalaldur íbúa var 38,1 ár, því sem næst sá sami og árið áður og örlítið undir landsmeðaltali. Þegar aldursdreifing var borin saman árin 2016 og 2020 kom í ljós að línuleg leitni karla var nær óbreytt á meðan ungum konum virtist fækka töluvert á þessu fimm ára tímabili.

Íbúum í **Svalbarðshreppi** fjölgaði um tvo frá árinu áður og eru þeir nú 93 talsins. Körlum fækkaði um þrjá en konum fjölgaði um fimm. Meðalaldur íbúa hækkaði örlítið og er nú 40,1 ár sem er hæsti meðalaldur í Svalbarðshreppi síðastliðin tíu ár. Aldursdreifing er nokkuð ójöfn og erfitt að álykta um hana með svo fáa íbúa.

Íbúum í **Norðurþingi** fjölgaði um 73 eða 2,3% á milli ára. Konum fjölgaði um 25 á meðan körlum fjölgaði um 48. Meðalaldur lækkar á milli áráanna 2019 og 2020 og er nú áþekkur því sem var árin 2014 og 2015. Meðalaldur ársins 2020 er 40,3 ár og nálgast landsmeðaltalið 38,3 ár. Þegar aldursdreifing var borin saman árin 2016 og 2020 kom í ljós að línuleg leitni kvenna var nær óbreytt á meðan körlum fjölgaði á tímabilinu. Íbúum á aldrinum 25-29 ára fjölgaði mest hjá bæði körlum og konum, einnig var töluverð fjölgun hjá karlmönnum á aldrinum 30-39 ára og 60-64 ára. Fækkun karla á sér einna helst stað í yngri aldurshópnum, 5-9 ára og 15-19 ára. Konum fækkar sömuleiðis í 15-19 ára hópnum en mesta fækkunin er meðal kvenna á aldrinum 45-49 ára.

Í **Tjörneshreppi** fækkaði um einn íbúa frá árinu 2019 og eru þeir nú 54 talsins. Tjörneshreppur er eina sveitarfélagið á starfssvæði Þekkingarnets Þingeyinga þar sem konur eru í meirihluta íbúa. Meðalaldur er nokkuð yfir landsmeðaltali en hann hækkaði um tvö ár og er nú 58 ár eða 20 árum yfir landsmeðaltali. Aldursdreifing var mjög ójöfn en erfitt er að draga ályktanir út frá henni vegna fámennis í sveitarfélaginu.

Íbúum **Þingeyjarsveitar** fækkaði um 32 á milli ára eða um 3,6%. Íbúum hefur nú fækkað um 100 á síðustu tveimur árum og hafa ekki verið færri síðastliðin tíu ár. Hvort tveggja körlum og konum fækkar, körlum þó ívið meira eða um 4% (19 karlar) á meðan konum fækkar um 3,1% (13 konur). Kynjahlutfallið er áþekkt árinu á undan. Meðalaldur hækkar um 0,5 ár í 43,6 ár og er því 2,3 árum yfir landsmeðaltali. Ef aldursdreifing er skoðuð virðist hún vera sambærileg árið 2016 og 2020 óháð kyni en gefur þó aðeins til kynna hækkanandi aldur íbúa.

Í **Skútustaðahreppi** fjölgaði íbúum um fimm á árinu. Frá árinu 2016 hefur íbúum Skútustaðahrepps fjölgað um 99 manns. Kynjaskipting var mjög jöfn en karlmenn voru 256 talsins og konur 251. Skútustaðahreppur er það sveitarfélag þar sem meðalaldur er lægstur á starfssvæði Þekkingarnetsins eða tæpu ári ári undir landsmeðaltali eða 37,4 ár. Þegar þróun aldurshópa er skoðuð í samanburði við aldursdreifingu í sveitarfélaginu sést að fjölgun íbúa er mest meðal þeirra sem voru á aldrinum 20-34 ára.

Þegar **svæðið er skoðað í heild sinni** kom í ljós að íbúum fjölgaði um 25. Íbúafjöldinn er nú sá mesti á svæðinu ef frá er talið árið 2018 þegar margir voru tímabundið búsettir á svæðinu vegna framkvæmda við Þeistareykjavirkjun og PCC BakkiSilicon. Konum og körlum fjölgaði á svæðinu, konum um 3 og körlum um 22. Meðalaldur er 40,6 ár og hefur lækkað stöðugt frá árinu 2017 og er nú 2 árum yfir landsmeðaltali. Þegar aldursdreifingin var skoðuð kom í ljós að karlmenn á aldrinum 20-39 ára voru töluvert fleiri árið 2016 en 2020 en meðan fjölgun var mest meðal kvenna á aldrinum 25-34 ára.

Byggðakjarnar og dreifbýli

Niðurstöður um fjölda íbúa í byggðakjörnum á svæðinu sýnir að íbúum á **Bakkafirði** fækkaði jafnt og þétt á tímabilinu 2015-2020 ef frá er talið árið 2019. Á síðastliðnum 10 árum hefur íbúum á Bakkafirði fækkað um 16,7%. Neikvæð þróun hefur einnig átt sér stað í dreifbýlinu í nágrenni Bakkafjarðar en þar hefur íbúum fækkað úr 23 í 11 eða um 52,2%. Íbúum á **Þórshöfn** fækkaði aftur á milli árána 2019 og 2020 um 13 manns. Íbúafjöldi í dreifbýlinu hefur haldist áþekkur undanfarin ár en fjölgaði um 6 á milli árána 2019 og 2020. Á **Raufarhöfn** fækkaði íbúum um 7 eða 4,2% og hafa þeir ekki verið færri á síðastliðnum 10 árum. Íbúafjöldi í dreifbýlinu við Raufarhöfn hefur verið nokkuð stöðugur og helst óbreyttur á milli árána 2019 og 2020. Á **Kópaskeri** fjölgaði íbúum um tvo. Rétt eins og við **Raufarhöfn** hefur íbúafjöldi í dreifbýlinu verið stöðugur undanfarin tíu ár en árið 2020 voru íbúar 120 en 121 árið 2011. Íbúatölur á Kópaskeri og í nærsveitum munu verða áhugaverðar á komandi árum þar sem þar er unnið að mikilli eflingu atvinnulífs í tengslum við laxeldi. Íbúum á **Húsavík** hélt áfram að fjölga en fjölgunin nam 2,3% frá síðasta ári. Síðastliðin tíu ár hefur íbúum á Húsavík fjölgað um 7,5%. Þegar litið var á mannfjölda eftir pósthúmerunum 640 og 641 var þróun mannfjölda sambærileg í þéttbýli og dreifbýli. Á **Laugum** fækkaði íbúum um 7. Íbúafjöldinn á Laugum hefur sveiflast aðeins. Fæstir hafa þeir verið 107 árið 2017 og flestir 131 árið 2019.

Íbúafjöldi í dreifbýlinu kringum Lauga og í Bárðardal hefur farið lækkandi frá árinu 2011 en verið stöðugur síðastliðin þrjú ár. Íbúum í **Reykjahlíð** fjölgaði um 15 en þeim hefur fjölgað um 31,3% frá árinu 2011 sem er mesta fjölgun í byggðakjörnum á starfssvæði Þekkingarnets Þingeyinga. Því sem næst jafn margir búa í dreifbýli og þéttbýli í Skútustaðahreppi, þar hefur dreifbýlið unnið á frá árinu 2014.

Íbúar á aldrinum 18-69 ára

Miklar breytingar hafa orðið á íbúafjölda á starfssvæði Þekkingarnetsins undanfarinn áratug. Í skýrslu ársins 2019 var aldurshópurinn 0-18 ára skoðaður sérstaklega en hér hefur áherslan verið lögð á aldurshópinn 18-69 ára, sem er hópurinn sem tilheyrir vinnumarkaði. Hópurinn stækkar í öllum sveitarfélögunum nema Tjörneshreppi og Svalbarðshreppi á tímabilinu frá 2011-2020. Ef hópnun er skipt innbyrðis í þrjá hópa, þ.e. fólk á barneignaraldri, fólk sem telst miðaldra og þá sem nálgast eða eru komnir að starfslokum þá fjölgar í yngsta aldurshópnum og þeim elsta en fækkar í hópnun í miðjunni, 45-54 ára. Ef hópurinn er skoðaður út frá kynjaskiptingu þá er fjölgunin meiri meðal karla en kvenna á tímabilinu sem skoðað er og framkvæmdatími Þeistareykjavirkjunar og PCC BakkiSilicon verður mjög sýnilegur í þessum gögnum eins og í öðrum gögnum tengdum íbúafjölda svæðisins.

HEIMILDIR

Hagstofa Íslands (2015). Mannfjöldi 1. janúar 2019. Sótt á hagstofan.is í júní 2020.